

Jafnféttisáætlun leikskólans Álfabergs 2019 -2020.

Jafnrétti felur m.a. í sér að allir sitji við sama borð óháð kynferði, kynþætti, trú, atgervi og kynhneigð.

Samkvæmt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda óháð kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, litarhætti, efnahagi, ætternis, fötlunar og stöðu. Hafnarfjarðarbær hefur mótað sína jafnréttisáætlun á grundvelli jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Leikskólinn Álfaberg byggir sína jafnréttisáætlun á henni auk laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Mikilvægt er að réttlæti og jafnrétti sé ávallt í öllu starfi leikskólans. Í lífi barns hefur leikskólastigið áhrif á siðferðis- og réttlætiskennnd og í Álfabergi skal vera metnaður starfsfólks fyrir því að hlusta á viðhorf hvers barns, sem og að auka víðsýni þess. Við viljum að komið sé fram við börn, foreldra og starfsfólk af virðingu.

Skilgreining hugtaka sem kemur fram í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008, 2. gr.).

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Kynbundin áreitni: Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Jafnréttisáætlunin beinist að:

Starfsfólki.

Börnum.

Starfsfólk.

Í leikskólanum Álfabergi hefur fjöldi starfsmanna verið breytilegur frá ári til árs. Haustið 2018 voru um 26 starfsmenn. Vorið 2019 eru tveir karlmenn starfandi hjá okkur en síðastliðið haust voru þeir þrír um tíma. Vitaskuld væri gott að jafna kynjahlutföllin en þar ræður för um hversu fáir karlmenn sækja um störf í leikskólanum.

Jafnréttisáætlun Álfabergs er gerð samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008, 18. gr.). Samkvæmt þeim hvílir sú skylda á fyrirtækjum og stofnunum sem eru með fleiri en 25 starfsmenn að gera sér jafnréttisáætlun eða samþætt jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Í jafnréttisáætlun skulu sérstaklega koma fram markmið og settar fram leiðir um það hvernig tryggja skuli starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í eftirfarandi greinum:

- 19. gr. Launajafnrétti.
- 20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.
- 21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.
- 22. gr. Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.
- Jafnréttisáætlun skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.
- Jafnréttisáætlun tekur mið af jafnréttisáætlun Hafnarfjarðar.

Launajafnrétti.

Markmið: Gæta skal að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf.

Aðgerð: Laun starfsmanna taka mið af kjarasamningum viðkomandi starfsmanns. Launamunur starfsmanna byggir á málefnalegum rökum þ.e. aldri, menntun, vinnutíma og starfsaldri. Frá og með 24. júlí 2017 er Hafnarfjarðarbær með jafnlaunavottun og hlaut vinnustaðurinn jafnlaunamerki Velferðarráðuneytisins. Hafnarfjarðarbær er fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að fá slíka vottun. Viðhaldsvottun var framkvæmd af BSI 10.

desember 2018 og leiddu niðurstöður ekki í ljós nein frábrigði en tilefni er til áframhaldandi úrbóta sem unnið verður að á næstu mánuðum. Niðurstöður sýna að launamismunur karlmönnum í hag er nú 3,4% en var 4,8% í júlí 2017.

Markmið með innleiðingu á formlegu jafnlaunakerfi er að koma á og viðhalda launajafnrétti, sömu laun séu greidd fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og að jafnrétti sé samþætt allri starfsemi bæjarins. Gefin Handbók jafnlaunakerfis Hafnarfjarðarbæjar í desember 2018 og er hún aðgengileg öllu starfsfólki.

Launajafnrétti

Jafnréttislög kveða á um að atvinnurekanda beri að greiða konum og körlum jöfn laun og að konur og karlar skuli njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggja launajafnrétti og að allar launaákvæðanir séu gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar	1) Launagreining unnin árlega af óháðum aðila 2) Vinna samhliða greiningu á yfirvinnu- og akstursgreiðslum 3) Innleiðing jafnlaunastaðals	1) Mannauðsstjóri og sviðsstjóri stjórnslusviðs 2) Mannauðsstjóri, verkefnisstjóri stjórnslusviði 3) Verkefnisstjóri Jafnlaunastaðals og aðrir stjórnendur	Launagreining og greining á yfirvinnu og akstursgreiðslum unnin árlega. Innleiðingu jafnlaunastaðals verði lokið í árslok 2018

Við launaáætlunargerð er farið yfir hvern starfsmann og laun hans, launaflokkaröðun og eftirvinnutíma. Einnig er gætt jafnræðis í skiptingu yfirvinnutíma milli allra starfsmanna.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, rekstrarstjóri og launafulltrúi. Starfsmenn eru jafnframt hvattir til þess að fylgjast með launaseðlum sínum mánaðarlega til þess að fylgjast með hvort þeir séu ekki réttir.

Tímarammi: Ágúst/september ár hvert.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

Starfsauglýsingar:

Markmið: Fjölga körlum í starfsmannahópnum.

Aðgerð: Í starfsauglýsingum skal vitnað til jafnréttisáætlunar leikskólans og jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar. Auglýsingar eftir starfsfólki eiga að vera ókynbundnar og karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um. Í jafnréttisáætlun Hafnarfjarðar (2016 – 2018) segir: Laus störf skulu standa jafnt konum sem körlum til boða. Sérstök áhersla er lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Innan ákveðinna starfsgreina hjá Hafnarfjarðarbæ eru störf kynjaskipt. Til að jafna kynjahlutfallið í starfsgreinum skal það kynið sem er í minnihluta ganga fyrir við ráðningar þegar umsækjendur eru jafn hæfir. Við ráðningar er óheimilt að mismuna fólki á grundvelli kynbundinna þátta.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og skrifstofustjóri Skólaskrifstofu sem sér um að auglýsa eftir starfsfólki í leikskóla Hafnarfjarðar.

Tímarammi: Í hvert skipti sem auglýsing birtist fyrir leikskóla Hafnarfjarðar.

Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

Markmið: Öllum starfsmönnum leikskólans stendur til boða sí- og endurmenntun sem endurspeglar að öllu jöfnu starfshætti leikskólans og áhersluþætti hverju sinni. Tvisvar sinnum á hverri önn fær allt starfsfólk fyrirlestur á vegum leikskólans, annars vegar tengt faglegum þáttum starfsins og hins vegar starfsánægju og samskiptum á vinnustað. Kynjum er ekki mismunað. Nýir starfsmenn fá starfsþjálfun og stöðugt er rifjað upp með þeim eldri. Stuðlað er að umræðum um jafnréttismál innan leikskólans. Verkefni og kröfur til starfsmanna skulu vera óháð kyni og eiga sterkar hliðar allra starfsmanna að fá að njóta sín.

Aðgerð: Við gerð símenntunaráætlunar er þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur skólans.

Tímarammi: Starfsmenn sækja sí – og endurmenntun m.a. á vegum Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar. Einnig á ýmsum öðrum stöðum s.s. Endurmenntun Háskóla Íslands, hjá Dokkunni, o.fl. Starfsmannafundir og skipulagsdagur eru jafnframt nýttir og er þá fræðsla fyrir starfsfólk. Árlega þarf að greina sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og í starfsþjálfun.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Markmið: Veita skal starfsfólki tækifæri til að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi en jafnvægi þarf að ríkja þar á milli. Við leggjum okkur fram við að starfsumhverfi okkar sé fjölskylduvænt.

Aðgerð: Stefna vinnustaðarins vegna fjarveru frá vinnu er skýr og unnið er samkvæmt viðverustefnu leikskólans. Reynt er eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir starfsmanna. Starfsmenn eru hvattir til þess að skipta með sér veikindadögum barna með maka sínum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur leikskólans.

Tímarammi: Þegar starfsfólk er ráðið til starfa eru þessi mál rædd og stefna leikskólans kynnt. Ef þörf er á er umræðan endurvakin með starfsmönnum.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Starfsfólk.

Markmið: Koma í veg fyrir að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni eigi sér stað innan leikskólans. Slík hegðun er með öllu óheimil meðal starfsmanna. Skilgreiningu á kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni er að finna í 2. gr. 4 lið í lögum um jafn stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008, 2. gr.) og kemur sú skilgreining fram fremst í jafnréttisáætlun okkar.

Aðgerð: Allir starfsmenn skulu vera á verði gagnvart því sem starfsmaður gæti skynjað sem kynbundið ofbeldi eða áreitni eða kynferðislegt áreiti. Einnig skal kynna hvað felst í kynbundnu ofbeldi eða áreitni og kynferðislegri áreitni. Leikskólinn vinnur eftir leiðbeiningum um viðbrögð í málum er varða einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum Hafnarfjarðar.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Jafnframt ber öllum að fylgjast með og láta vita ef vart verður við ósæmilega hegðun.

Tímarammi: Á hverju ári er forvarnar- og viðbragðsáætlun leikskólans gegn kynbundnu og kynferðislegu áreitni kynnt fyrir starfsmönnum.

Nemendur.

Leikskólanum ber sem menntastofnun að uppfylla 22. og 23. grein laga nr. 10/2008 sem snúa að börnum.

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

23. gr. Menntun og skólastarf.

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tómstundastarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Við leitum því leiða til að leita lausna fyrir öll börn leikskólans og mæta þörfum þeirra.

Eftirfarandi er haft að leiðarljósi:

- Enginn einstaklingur er eins og skal starfsfólk leggja sig fram við að finna styrkleika hvers barns og vinna út frá því.

Úrræði: Unnið er með áhersluþætti leikskólans í Snillistundum. Áhersluþættirnir eru lífsleikni, íslenska og stærðfræði. Tryggt er að starfið sé fjölbreytt og leitað er leiða fyrir öll börn til að nema. Unnið er eftir hugmyndafræði Howard Gardner þar sem aðaláhersla er að vinna með styrkleika einstaklings.

- Öll börn leikskólans fá þjónustu við hæfi og skipulag og kennsla í leikskólanum sé þannig háttað að hægt sé að koma til móts við hvert og eitt barn

Úrræði: Kennsla er í fámennum hópum. Hvert barn fær viðfangsefni við hæfi og áhugi hvers barns fær að njóta sín. Könnunaraðferð er kennslutæki þar sem áhugi barnanna er virtur og byggt er á þeirri þekkingu sem fyrir er.

- Í vinnu með börnunum skal áhersla vera á að auka víðsýni og skilning á mismunandi þjóðerni barnanna, menningu, kyns og trúarbragða.

Úrræði: Unnið er markvisst með lífsleikni þar eru þessir þættir sérstaklega fyrir. Við erum einnig með sérstaka forvarnarviku. Við fræðslu notum við námsefnið Stig af stigi, Vínúáttuverkefni Barnaheilla/Blæ, bækur, ræðum margskonar tilfinningar, o.s.frv. Börnin fá fræðslu um einkastaði sína og notuð er bókin Einkastaðir mínir. Fræðslan fer fram a.m.k. einu sinni á ári og oftár er þörf þykir. Aðstoðarleikskólastjóri hefur borið ábyrgð á henni. Fræðsla um einelti á sér einnig stað innan leikskólans. Forvarnaráætlun um kynferðislegt- og andlegt ofbeldi gegn börnum, sem og um einelti er til í leikskólanum.

- Börn eiga að hafa aðgang að náms- og kennslugögnum sem mismuna ekki kynjunum.

Úrræði: Notaður er opinn efniviður s.s. einingakubbar, holukubbar og ýmis annar opinn efniviður sem til fellur í hvert skipti.

- Réttlætis og jafnræðis er gætt í samskiptum við bæði stúlkur og drengi. Börnin eiga að fá réttláta málsmeðferð.

Úrræði: Við vinnum með SMT-skólafærni og teljum að það hjálpi starfsfólki að gæta jafnræðis gagnvart börnum með ólíkar þarfir. Allir starfsmenn hafa jákvæðan aga að leiðarljósi og samræmdar vinnuaðferðir óháð kyni.

- Markmið er að stuðla að jöfnum möguleikum og tækifærum kynjanna til náms og þroska, hvort heldur í leik eða starfi.

- Stuðlað skal að því það sé jákvæð umræða um bæði kynin og hugað sé að mögulegum kynjamun við öflun og úrvinnslu gagna.

Úrræði: Áður en ákveðin verkefni eru unnin með börnum er komið í veg fyrir að mögulega geti verið um kynjamun að ræða.

